

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2019

**Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um félög til almannaheilla, 785. mál.**

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2019.

Neytendasamtökin fagna því að unnið sé að því að lögfesta umgjörð utan um félög til almannaheilla og vilja auk þess koma því á framfæri að við samningu núverandi samþykktu samtakanna voru fyrri frumvarpsdrög höfð til hliðsjónar. Neytendasamtökin gerðu þó ákveðnar athugasemdir í umsögn sinni við fyrri frumvarpið og byggist umsögn þessi að hluta á fyrri athugasemdum.


**Um 6. og 7. gr. frumvarpsins:** Neytendasamtökin telja mikilvægt að með lögunum sé ekki of þröngur stakkur sniðinn þegar kemur að reglum um inngöngu og úrsagnir félagsmanna. Í 6. gr. er kveðið á um að ósk um inngöngu í félag skuli berast til stjórnar, þar segir jafnframt að stjórn taki svo ákvörðun um aðild að félaginu sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins. Í 7. gr. kemur fram að félagsmenn geti hvenær sem er sagt sig úr félagi með því að tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eða stjórnarformanns. Þar kemur auk þess fram að í samþykktum megi kveða á um hvenær að uppsögn taki gildi og að sá tími megi eigi vera lengri en sem nemur einu ári. Starfsemi félaga sem heyra undir lögina getur verið mjög misjöfn. Í mörgum tilfellum reka félögin skrifstofu allan ársins hring og telja Neytendasamtökin eðlilegt að aðilar geti beint aðildarumsóknum og úrsögnum beint til skrifstofu sér í lagi í þeim tilfellum þegar um er að ræða félög sem eru opin öllum. Samtökin telja auk þess að starfsfólki skrifstofunnar ætti að vera unnt með heimild í samþykktum að taka ákvörðun í málum er varða ósk um inngöngu eða úrsögn úr félagi. Stjórnir félaga sem þessara funda með mislöngu millibili og þar með gæti framangreind framkvæmd komið í veg fyrir óþarfa tafir.

**Um 12. gr. frumvarpsins:** Neytendasamtökin telja það bæði eðlilegt og lýðræðislegt að allir félagsmenn í félögum til almannaheilla njóti sama atkvæðisréttar, sér í lagi í ljósi þess að um er að ræða félög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða fyrir einstaklinga. Í greinargerð með frumvarpinu kemur auk þess fram að það sé einkennandi fyrir það félagiform sem hér um ræðir að hver og einn félagsmaður/þátttakandi hafi sama atkvæðisrétt. Samtökin sjá ekki ástæðu til að heimila félögum sem þessum að breyta út frá því með samþykktum sínum.

**Um 31. gr. frumvarpsins:** Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að félög til almannaheilla verði gert skylt að hafa orðin „skráð félag til almannaheilla“ eða skammstöfunina „fta.“ í heiti sínu. Samkvæmt greinargerð frumvarpsins er þó einungis kveðið á um að þeim einum sé heimilt að nota slík auðkenni, en ekki er þar tekið fram að félögum sé það skylt. Neytendasamtökin telja eðlilegt að félög geti sjálf ákveðið hvort að þau hafi slíkt auðkenni í heiti sínu án þess að vera það skylt.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Breki Karlsson', written over a horizontal line.

Breki Karlsson, formaður